

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 7. nóvember 2025

Mál nr. S-495/2024:

Ákærvaldið

(Halldór Tumi Ólason saksóknarfulltrúi)

gegn

Axel Birni Clausen Matias og

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

Kristjáni Atla Dýrfjörð

(Friðrik Smáráson lögmaður)

(Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður brotþola)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 12. september sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra 20. nóvember 2024, á hendur Axel Birni Clausen Matias, kt. [...], [...], [...], og Kristjáni Atla Dýrfjörð, kt. [...], [...], [...]

„fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. janúar 2024, fyrir utan verslunina [...] við Ráðhústorg á Akureyri, ráðist í sameiningu gegn A, kt. [...], með þeim hætti að ákærði Kristján Atli, tekur um brotþola og setur annan fót sinn fyrir aftan hann og fellir hann í götuna, með þeim afleiðingum að hann fékk höfuðhögg og þar sem hann lá í götunni kylði ákærði Kristján Atli hann fjórum sinnum ofarlega í líkamann, bringu eða höfuð og ákærði Axel Björn sparkaði tvisvar í hann þar sem hann liggjandi.

Líkamlegir áverkar brotþola eftir þetta voru: Medialt brot á orbital vegg á vinstra auga og víkun á sjóntaug (7,1 mm), blæðing í vinstra auga, miklir yfirborðsáverkar á andliti, akút sjóntap á vinstra auga, tvær brotnar tennur og grunur um rifbrot neðanlega aftanvert vinstra megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærðu verði óskipt (in solidum) gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. janúar 2024 til birtingardags ákæru, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá verði ákærðu gert að greiða honum málskostnað.

- 3 Ákærði Axel Björn krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Verði fangelsisrefsing dæmd verði hún að fullu skilorðsbundin. Þá krefst hann þess aðallega að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega. Loks er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða auk greiðslu á ferðakostnaði.
- 4 Ákærði Kristján Atli krefst þess aðallega að honum verði ekki gerð refsing en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá verði bætur ákvarðaðar verulega lægri en krafist er. Loks er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða og að málsvarnarlaun og annar sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir

- 5 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn við almennt eftirlit í miðbæ Akureyrar aðfararnótt 27. janúar 2024 er þeir óku fram á A, brotþola í þessu máli, þar sem hann lá í götunni og fólk stóð yfir honum, á Ráðhústorgi fyrir framan [...]. Þegar lögregla kom að brotþola hraut hann og var meðvitundarlaus. Var hann blóðugur á andliti og með áverka á enni. Fram kemur að brotþoli hafi neitað allri aðstoð sjúkraliðs og engar upplýsingar veitt um hvað gerst hafði. Lögregla fékk upplýsingar frá fólki á vettvangi um að ráðist hefði verið á brotþola og var útliti annars gerandans lýst. Tjáði vitnið B lögreglu að hann hefði séð sparkað í höfuð brotþola og vitnið D, starfsmaður á skemmtistaðnum [...], að hún hefði heyrt læti og farið út og séð að verið var að ýta í brotþola.
- 6 Í frumskýrslunni kemur fram að lögregla hafi gefið sig á tal við ákærðu og E, fyrir framan Amarohúsið. Í fyrstu hafi ákærði Axel ekki viljað kannast við það að hafa lent í átökum en síðar lýst því að brotþoli hefði ekki látið þau í friði og hann hefði ýtt honum. Eftir það hefðu þau gengið á brott. Ákærði Kristján Atli kvað brotþola hafa verið að áreita og elta þau og það farið svo að brotþoli endaði í jörðinni. Kvað E brotþola hafa verið að áreita hana bæði inni á skemmtistaðnum [...] og fyrir utan staðinn. Hún hefði beðið brotþola um að fara frá sér en hann ekki hlustað á það. Kvaðst hún hafa séð ákærðu ýta brotþola í burtu í sameiningu. Neitaði hún því að ákærðu hefðu kýlt og sparkað í brotþola.
- 7 Ákærðu Kristján Atli og Axel Björn gáfu skýrslu hjá lögreglu síðdegis 27. janúar 2024. Sama dag gaf vitnið E skýrslu. Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 1. febrúar sama ár. Kvaðst hann þá ekki muna hvað hefði gerst.
- 8 Fyrir liggja upplýsingar úr bráðamóttökuskrá vegna skoðunar brotþola sem fór fram um hádegisbil 27. janúar 2024. Þar kemur fram að mikil bólga væri í kringum vinstra auga og augnlok. Mikið af yfirborðsáverkum á enni og í kringum vinstra auga og brotþoli gæti ekki haldi vinstra auganu alveg opnu. Mikill roði væri í vinstra auga. Á vinstra auga væri „Light reflex“ minnkaður og algjört sjóntap. Mikil þreifimeiðsli væru vinstra megin við hrygg neðarlega á „thorax“ og „Rib compression test jákv.“ og þannig grunur um rifbrot. Yfirborðsáverki væri á „dorsalt vinstri úlnlið“. Loks segir að röntgenrannsókn hafi sýnt „medial brot á orbital vegg á vinstri auga og víkkun á sjóntaug (7,1mm)“. Áverkar brotþola eru svo tilteknir: „Miklir yfirborðsáverkar í andliti. Akút sjóntap á

vinstra auga, brot í medíalt í vinstri orbita. Grunur um rifbrot neðarlega aftanvert vinstra megin“.

- 9 Í göngudeildarnótu F, lækni á göngudeild augnsjúkdóma, dags. 9. febrúar 2024, er því lýst að röntgenmynd af brotþola sýndi „medial brot á orbital vegg á vinstri auga og víkkun á sjóntaug (7,1mm)“. Fram kemur að sjónskerpa á vinstra auga brotþola hafi mælst „0,00, telur fingur 20cm frá auga“ og skoðun leitt í ljós „Subconj blæð í vi auga“. Var það álit læknisins að brotþoli hefði orðið fyrir „Traumatic optic neuropathy“ á vinstra auga.
- 10 Þá liggur fyrir kostnaðaráætlun G tannlækni, dags. 18. júní 2024. Í skjalinu kemur fram að brotþoli hafi leitað til tannlækni eftir líkamsáras sem leitt hafi til þess að fyrsti og annar forjaxl í efri kjálka vinstra megin brotnuðu. Tennurnar væru óviðgerðarhæfar og því þurfi að fjarlægja rætur og setja tannplanta með krónu. Áætlaður kostnaður meðferðar er sagður 954.144 krónur.
- 11 Upptaka úr öryggismyndavél lögreglu liggur fyrir í málinu. Þá liggja fyrir myndir af áverkum brotþola sem teknar voru á vettvangi, hjá lögreglu og við læknisskoðun daginn eftir.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

- 12 *Ákærði Kristján Atli* kvað brotþola hafa byrjað að áreita E og ákærða Axel á efri hæð [...]. Þau hefðu reynt að forðast hann og farið út af staðnum. Fyrir utan hefði brotþoli verið mjög ágengur og talað óþekkt tungumál. Kvaðst ákærði ekki hafa skilið það sem brotþoli sagði en ekki hefði þó farið á milli mála að um ljótt orðbragð var að ræða. Honum hefði þótt brotþoli vera ógnandi og í það minnsta þrisvar sinnum hefðu þau reynt að komast í burtu frá honum. Ákærði lýsti því að brotþoli hefði svo stigið fram fyrir þau og þá hefði hann sett löppina fyrir aftan brotþola og sett hann í jörðina. Ákærði lýsti því að brotþoli hefði lent á bakinu og ekki fengið höfuðhögg við fallið. Kvaðst ákærði eftir það hafa lamið þrisvar sinnum til brotþola. Þetta hefði gerst frekar hratt og hann gæti ekki sagt nákvæmlega til um hvar höggin hefðu lent. Aðspurður taldi ákærði sig ekki hafa valdið þeim áverkum á brotþola sem lýst væri í ákæru og ekki geta sagt til um hvort meðákærði hefði valdið þeim. Þá kvaðst hann hvorki hafa tekið eftir áverkum á brotþola fyrir né eftir átökin.
- 13 Ákærði kvaðst hafa haft það á tilfinningunni að brotþola þætti óþægilegt að maður dökkur á hörund væri með hvítri stelpu en hann hefði byrjað á að garga á E og svo farið í ákærða Axel, potað í þau og ýtt við þeim.
- 14 *Ákærði Axel Björn* kvaðst hafa verið að skemmta sér á [...] með E kærustu sinni og ákærða Kristjáni og hefðu þau yfirgefið skemmtistaðinn rétt fyrir lokun. Fyrir utan hefði brotþoli verið mjög aggressívur gagnvart þeim. Þau hefðu ítrekað reynt að róa brotþola niður og labba í burtu en brotþoli hafi ekki gefist upp, elt þau og potað í bæði hann og E. Kvað hann brotþola meðal annars hafa gripið í öxlina á sér og öskrað á óþekktu tungumáli. Hafi þeim E fundist sér ógnað. Ákærði lýsti því að komið hefði til stimpinga þar sem brotþoli féll í jörðina. Kvaðst ákærði í kjölfarið hafa sparkað í brotþola tvisvar,

neðarlega í síðuna, fyrir neðan rifbein. Hann kvað á hreinu að spörkin hefðu ekki lent í efri bók eða höfði. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa veitt brotþola þá áverka sem lýst væri í ákæru og ekki vita hvort meðákærði hefði veitt brotþola áverkana.

- 15 *Brotþoli*, vitnið A, kvaðst hafa farið á bar á Akureyri til að reyna að kynnst fólki og þar orðið fyrir árás tveggja manna. Kvaðst hann muna það eitt að þeir hefðu verið frekar stórir og vöðvasteltir en annað muni hann ekki. Brotþoli kvaðst ekki vita um ástæður árásarinnar. Þá neitaði hann því að hafa verið að áreita fólk umrætt kvöld. Hann myndi eingöngu eftir því að hafa verið að drekka og eftir höggi. Hann kvað lögreglu hafa farið með sig á lögreglustöð og eftir það á spítala. Aðspurður kvaðst brotþoli hafa fengið þær upplýsingar hjá lögreglu að árásarmennirnir hefðu verið tveir.
- 16 Brotþoli lýsti því að hann hefði misst sjón á vinstri auga og tvær tennur og væri með áfallastreitu. Lýsti hann því að hann sæi svart með vinstra auganu og augnlæknir sem hann hitti í Reykjavík hefði sagt að hann kæmi ekki til með að fá sjónina aftur. Hann væri ekki sami maður og fyrir árásina.
- 17 Vitnið E sambyliskona ákærða Axels Björns, kvaðst hafa séð brotþola inn á [...] þar sem hann hefði verið augljóslega ölvaður og haft mjög óþægilega návist og hún upplifað hann ógnandi. Um leið og þau löbbuðu út hefði brotþoli komið að þeim og byrjað að öskra á þau á marokkósku. Kvaðst hún hafa þekkt tungumálið og sagt við ákærðu að hann væri mjög reiður. Hún bar um að ákærðu hefðu reynt að segja brotþola á ensku að láta sig í friði og að þau vildu engin vandræði. Kvaðst vitnið hafa spurt brotþola hvort hann talaði spænsku en þá hefði hann orðið enn reiðari. Brotþoli hefði verið að æsa sig við þau í nokkurn tíma, ýtt eða potað í bringuna á henni og verið mjög aggressívur gagnvart Axel og eitthvað gagnvart Kristjáni. Það næsta sem hún muni sé að brotþoli hafi verið kominn í jörðina. Kvaðst hún hafa verið í miklu losti og ekki muna eftir höggum eða spörkum. Væri það ekki hennar upplifun að brotþoli hefði fengið mikið högg við fallið. Kvaðst hún halda að brotþoli hefði lent á maganum.
- 18 Vitnið D, starfsmaður á [...], kvaðst hafa verið á efri hæð skemmtistaðarins þegar hún hefði heyrt læti og kíkt út um gluggann. Hún hefði þá séð brotþola ganga í burtu og annan ákærða byrja að ýta í hann og hafi þá hlaupið út. Þá hefði brotþoli verið kominn á jörðina og hún séð þegar verið var að sparka í hann á fullu og traðka á hausnum á honum. Kvaðst hana minna að árásaraðilarnir væru tveir en hún hefði aðeins séð andlitið á öðrum þeirra, sem hún lýsti sem ákærða Axel Birni. Kvaðst hún eingöngu hafa séð þegar verið var að sparka í hausinn á brotþola eða hoppa á hann. Hana minnti að spörkin hefðu lent í hægri hlið andlits brotþola og svo verið sparkað í bakið á honum og í hliðar hans. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa séð brotþola beita ofbeldi eða séð hann inn á [...] þetta kvöld.
- 19 Vitnið B kvaðst fyrir dómi ekki muna eftir atburðum.
- 20 Vitnið *lögreglumadur nr. H*, áður nr. [...], staðfesti frumskýrslu sína í málinu og ljósmyndaskýrslu.

- 21 Vitnið *F* augnlæknir lýsti því að við skoðun 9. febrúar 2024 hefði brotþoli aðeins getað talið finger í 20 sentimetra fjarlægð með vinstra auga. Það teljist mjög mikið sjóntap. Vinstra ljósop hefði verið víðara og ekki svarað þegar ljósi var beint að því. Þá hefði blæðing hefði verið í hvítu þess. Lýsi hún því að brotþola hefði farið í röntgen á Akureyri þar sem sést hefði loft inn í augntóftinni og brot. Greining sín hefði verið Traumatic optic neuropathy, eða sjónaugamein tilkomið vegna áverka. Það sé alvarlegt og í raun ekkert sem hægt sé að gera. Flestir fái enga sjón aftur. Borinn var undir vitnið framburður brotþola fyrir dómi um að hann sæi svart með auganu og kvað vitnið það mögulega afleiðingu þess skaða sem brotþoli hefði orðið fyrir.
- 22 Vitnið *I* læknir kvaðst ekki muna vel eftir ástandi brotþola þegar hann skoðaði hann. Hann staðfesti skráningu sína í bráðamóttökuskrá. Vitnið kvað brotþola hafa verið mjög sýnilega laskaður í framan, með sýnilega áverka á víð og dreif á höfði. Þá hefði hann verið með mikið þreifiaumur í baki og yfir rifjum neðarlega vinstra megin og verið sterkur klínískur grunur um rifbrot. Annað augað hefði ekki hegðaði séð eðlilega við skoðun og brotþoli lýst því að hann sæi ekki með vinstri auga. Við röntgen á auga hafi komið í ljós brot í andlitsbeini, miðlægt við augað, og víkkun á sjónaug. Vitnið kvað um alvarlega áverka að ræða, ekki síst brot í andlitsbeini og óvíst hafa verið hvort brotþoli fengi sjón aftur. Aðspurður kvað vitnið rifbrot vera greint af einkennum og skoðun og hans klíníska greining verið að brotþoli hefði verið rifbrotinn.

Niðurstaða

- 23 Ákærðu er gefin að sök líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. janúar 2024, fyrir utan verslunina [...] við Ráðhústorg á Akureyri, ráðist í sameiningu gegn brotþola, A, með þeim hætti að ákærði Kristján Atli, hafi tekið um brotþola og sett annan fót sinn fyrir aftan hann og fellt hann í götuna, með þeim afleiðingum að hann fékk höfuðhögg, og þar sem hann lá í götunni kýlt hann fjórum sinnum ofarlega í líkamann, bringu eða höfuð og ákærði Axel Björn sparkað tvisvar í hann þar sem hann var liggjandi. Af árásinni hafi brotþoli hlotið medíalt brot á orbital vegg (brot í augntóft, miðlægt) á vinstra auga og víkkun á sjónaug (7,1 mm), blæðingu í vinstra auga, mikla yfirborðsáverka á andliti, akút sjóntap á vinstra auga, tvær brotnar tennur auk þess sem grunur var um rifbrot neðarlega aftanvert vinstra megin. Er brotið talið varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 24 Ákærði Kristján Atli hefur fyrir dómi gengist við þeirri háttsemi sem lýst er ákæru en geti þó ekki verið fullviss um fjölda högga. Við skýrslugjöf fyrir dómi kvaðst ákærði Kristján Atli hafa kýlt brotþola þrívægis. Hann mótmælir því aftur á móti að brotþoli hafi hlotið höfuðhögg við fallið og að hafa valdið þeim áverkum sem voru á brotþola. Ákærði Axel Björn hefur viðurkennt að hafa sparkað í brotþola tvisvar þar sem hann lá á jörðinni. Spörkin hafi lent neðarlega á síðu brotþola, fyrir neðan rifbein. Líkt og meðákærði mótmælir hann því að hafa valdið þeim áverkum sem voru á brotþola.
- 25 Samkvæmt framangreindu hafa báðir ákærðu gengist við því að hafa beitt ákærða ofbeldi umrætt sinn. Af hálfu beggja hefur því á hinn bóginn verið mótmælt að um samverknað hafi verið að ræða. Af hálfu ákærða Axels Björns er því haldið fram að upptaka staðfesti

frásögn hans um að hann hafi sparkað tvisvar sinnum í neðri hluta líkama brotþola og hann verði því í mesta lagi dæmdur fyrir rifbrot. Í ákæru sé hins vegar aðeins ákært fyrir grun um rifbrot og því beri að heimfæra háttsemi hans til 217. gr. almennra hegningarlaga.

- 26 Af hálfu ákærða Kristjáns Atla er því haldið fram að ósannað sé að brotþoli hafi hlotið höfuðhögg þegar hann fór í jörðina. Þá sé ósannað hvar hnefahögg ákærða hafi lent og vafa um það verði að skýra honum í hag. Þar sem ekki liggi fyrir hvaða afleiðingar stafi af háttsemi ákærða verði brotið ekki heimfært undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.
- 27 Brotþoli hefur fyrir dómi ekki getað borið skýrt um atvik umrætt kvöld og lýsti því ítrekað að hann myndi ekki hvað hefði átt sér stað. Hann kvaðst þó muni eftir höggi auk þess sem hann taldi útilokað að hann hefði verið að áreita fólk þetta kvöld. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 1. febrúar 2025 kvaðst ákærði ekki muna neitt eftir árásinni eða því fólki sem hefði ráðist á hann.
- 28 Fyrir liggur upptaka úr öryggismyndavél lögreglu sem sýnir atburði á Ráðhústoginu. Upptakan sýnir brotþola standa við inngang [...] og ákærða Kristján Atla nokkuð frá, er ákærði Axel Björn og E ganga út af staðnum. Virðast brotþoli, ákærði Axel Björn og E eiga í orðaskiptum og sést ákærði Kristján Atli slást í hópinn. Skömmu síðar sjást ákærðu og E ganga í burtu frá brotþola en brotþoli ganga á eftir þeim og fram fyrir þau. Virðast þá orðaskipti halda áfram og er brotþoli mikið með hendur og fingur á lofti. Í kjölfarið sést ákærði Kristján stíga fram og fella brotþola og brotþoli skella harkalega í jörðina. Höfuð hans fer út úr sjónsviði myndavélarinnar en sjá má að hann fellur með andlitið á undan. Sést ákærði Kristján því næst slá brotþola í það minnsta fjórum sinnum og er ljóst að högginn lenda ofarlega í líkama brotþola. Á sama tíma sést ákærði Axel Björn sparka að minnsta kosti tvisvar sinnum í brotþola. Sjást spörk lenda á miðjum bók brotþola og í eitt skipti ofar á líkama hans. Ákærðu fara báðir í átt að höfði brotþola og hverfa þá úr sjónsviði myndavélarinnar og er því óljóst hvað gerist eftir það.
- 29 Vitnið D lýsti því fyrir dómi að hún hefði heyrt læti og litið út um glugga á efri hæð [...]. Þegar hún kom út af staðnum hefði brotþoli legið í jörðinni og hún séð þegar ráðist var að honum með ítrekuðum spörkum í höfuð og bók. Hún lýsti því einnig að hún hefði séð „traðkað“ á höfði brotþola og „hoppað“ á brotþola. Kvaðst hún telja árásaraðila hafa verið tvo en hún hefði aðeins séð andlitið á ákærða Axel Birni. Hún kvaðst ekki hafa séð kýlt í brotþola.
- 30 Á fyrrgreindri myndbandsupptöku má sjá manneskju á efri hæð [...] draga frá glugga og líta út, þegar hiti virðist vera að færast í leikinn milli aðila, en ganga svo frá glugganum. Árás ákærðu gegn brotþola var afstaðin aðeins örfáum augnablikum eftir að hún hófst. Á upptökunni sjást að minnsta kosti tvær manneskjur draga frá öðrum glugga á eftir hæð [...] og líta út en óljóst er hvort árásinni hafi þá verið lokið þar sem höfuð brotþola fellur þá út fyrir ramma upptökunnar. Af upptökunni virðist vitnið D ekki koma út af [...]fyrir en eftir að árásinni er lokið og sést þá E ein standa hjá brotþola. Ljóst er að ákærðu hafa

þó verið nærri en þeir sjást skömmu síðar aftur og fá þá E á brott með sér en brotþoli liggur eftir.

- 31 Samkvæmt framangreindu verður af myndbandinu ekki óyggjandi ráðið að vitnið D hafi sjálf orðið vitni af þeirri háttsemi sem ákærðu er gefið af sök. Á hinn bóginn þykir sannað með myndbandsupptökunni að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi þeim er gefið að sök í ákæru, þar á meðal að ákærði Kristján Atli hafi fellt brotþola með þeim afleiðingum að hann fékk höfuðhögg. Þá styður upptaka ekki þá frásögn ákærða Axels Björns að spörk hans hafi eingöngu lent neðarlega í síðu brotþola, en líkt og fyrr greinir sést hann í eitt skipti sparka ofarlega í líkama brotþola.
- 32 Að öllu framangreindu virtu þykir í máli þessu sannað að ákærðu hafi ráðist að brotþola með þeim hætti sem lýst í ákæru.
- 33 Í ákæru er lýst áverkum sem brotþoli er sagður hafa hlotið í þeirri atburðarás sem þar er lýst. Af hálfu ákærðu hefur því verið mótmælt að tennur brotþola hafi brotnað við árásina. Broti á tveim forjöxlum vinstra megin í efri góm brotþola er lýst í kostnaðaráætlun tannlæknis, sem dagsett er 18. júní 2024, um fimm mánuðum eftir að líkamsárásin átti sér stað. Sá tannlæknir sem framkvæmdi skoðun á brotþola kom ekki fyrir dóminn og er ekki getið um áverkann í öðrum gögnum málsins. Að þessu virtu er ekki unnt að slá því föstu að tannbrot hafi verið meðal afleiðinga árásarinnar.
- 34 Með vísan til annarra læknisfræðilegra gagna sem fyrir liggja og vætti læknanna I og F fyrir dómi þykir sannað að afleiðingar árásar ákærðu á brotþola hafi að öðru leyti en að framan greinir verið þær sem í ákæru greinir.
- 35 Ákærðu báðir hafna því að um samverknað hafi verið að ræða. Fyrir liggur að það var ákærði Kristján Atli sem felldi brotþola en í kjölfarið veittust þeir báðir að honum þar sem hann lá. Eins og málið liggur fyrir er ekki unnt að skera úr um það með vissu hvaða áverkar stöfuðu af háttsemi ákærða Kristjáns Atla og hverjir þeirra voru tilkomnir vegna háttsemi ákærða Axels Björns. Verður því að leggja til grundvallar að ákærðu hafi með háttsemi sinni í sameiningu valdið brotþola þeim áverkum sem lýst er í ákæru og bera þeir því sameiginlega ábyrgð á áverkum brotþola. Verða þeir því sakfelldir fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvörðun refsingar

- 36 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði Kristján Atli ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Ákærði Axel Björn hefur tvívegis undirgengist sekt fyrir akstur sviptur ökurétti, 28. maí 2024 og 4. nóvember sama ár. Brot það sem hann er nú sakfelldur fyrir var framið áður en hann gekkst undir framangreindar sektargetir og verður honum því dæmdur hegningarauki í samræmi við 78. gr. almennra hegningarlaga.
- 37 Við ákvörðun refsingar ákærðu ber að líta til þess að árás ákærðu beindist meðal annars að höfði brotþola og olli alvarlegri og varanlegri sjónskerðingu. Þá var um samverknað var að ræða, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu og vitnið E hafa frá upphafi afskipta lögreglu borið um að brotþoli hafi verið að áreita þau og elt þau þar sem þau leituðust við að koma sér burt frá honum. Fær sú lýsing stuðning í frumskýrslu

lögreglu, sem staðfest var fyrir dómi, og þeirri myndbandsupptöku sem liggur fyrir í málinu. Framganga ákærðu í framhaldinu var þó með þeim hætti að ekki þykja efni til að líta til 3. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga ákærðu til málsbóta.

- 38 Þykir refsing hvors ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði en í báðum tilvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakrafa brotþola

- 39 Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærði greiði honum 2.500.000 krónur í miskabætur. Með háttsemi sinni hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Brotþoli hlaut alvarlega áverka en bein í augntóft brotnaði og skemmd varð á sjóntaug með þeim afleiðingum að brotþoli hefur misst varanlega sjón á öðru auga. Ekki liggja fyrir gögn um áhrif brotsins á andlega heilsu brotþola en ljóst er að háttsemin var til þess fallin að valda brotþola andlegum þjáningum. Með hliðsjón af atvikum öllum eru miskabætur ákveðnar 2.000.000 krónur, með vöxtum svo sem í dómsorði greinir. Upphafstími dráttarvaxta verður ákveðin mánuði eftir að ákærðu hafði báðum verið birt bótakrafan samhliða fyrirkalli.
- 40 Ákærðu verður óskipt gert að greiða brotþola 1.000.000 krónur í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sakarkostnaður

- 41 Samkvæmt 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar. Samkvæmt framlögðu sakarkostnaðaryfirliti nemur útlagður sakarkostnaður 129.736 krónur og ber ákærðu að greiða hann óskipt. Þá greiði ákærði Kristján Atli málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, 828.603 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði Axel Björn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 1.004.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og ferðakostnað hans, 80.570 krónur.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómara. Fyrir uppkvaðningu var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði Axel Björn Clausen Matias, sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Kristján Atli Dýrfjörð sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu greiði brotþola, A, óskipt, 2.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. janúar 2024 til 27. mars 2025 en

með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærðu brotaþola, óskipt, 1.000.000 krónur í málskostnað.

Ákærði Axel Björn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálms-sonar lögmanns, 1.004.400 krónur og 80.570 króna ferðakostnað hans.

Ákærði Kristján Atli greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, 828.603 krónur.

Ákærðu greiði óskipt 129.736 krónur í annan sakarkostnað.